


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	<b>BAF 701 Afrás – drif Kennsluáætlun haust 2013</b>	

<b>Kennari</b>	Haraldur Vilhjálmsson	<b>Sk.st.</b>	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Farið er yfir gerð og virkni helstu gerða drifa og mismunadrifa: hypoid-drif, snigildrif, torsend-drif, drif í sjálfstæðum ási og innbyggt í girkassa. Skoðuð eru ýmis tilbrigði læsanlegra drifa tregðulæsing, föst læsing og seigjutengslí. Nemendur þjálfast í viðgerðum og stillingum á drifum, vinnu tengdum drifum, við driföxla, nafgír, drifliði og öxulþétti ásamt útreikningum á drifhlutfalli. Áhersla er lögð á skaðsemi smurolíu, hættur þegar unnið er undir ökutækni og við meðhöndlun þungra hluta.

### Markmið:

Nemandinn þekki: Tilgang drifbúnaðar, helstu gerðir drifa og mismunadrifa, þ.m.t. læsanlegradrifa. Nemandi þekki helstu gerðir olía sem notaðar eru á drif. Nemandi geti lýst gerð og virkni drifa og mismunadrifa, sinnt reglubundnu viðhaldi, prófað drifbúnað og metið ástand íhluta drifa. Nemandi geti endurnýjað slitna eða skemmda hluti í drifum og tengdum hlutum, reiknað út drifhlutfall og skipt út hlutum til að breyta drifhlutfalli.

### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1 útgáfa 2006.  
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.  
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

### Áætlun um yfirferð:

Nemendur kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni drifa og mismunadrifa, heiti á íhlutum og virkni læsinga í drifum og í tengingu á milli ása. Þeir vinna 2 verkefni í lotunni auk lokaprófs. Skiladagur fyrir verkefni er fyrir lok lotunar. Berist verkefni eftir að skilafresti lýkur er hámarkseinkun 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 sólarhringum eftir að skilafresti lýkur er einkunn fyrir verkefnið 0. Til að verkefni gildi til lokaeinkunnar verður nemandi að ná 5 á lokaprófi.

### Verkefni:

1 heimaverkefni. 1 skýrsla um verklegt verkefni sem unnið var í tíma. Lokapróf.

### Námsmat og vægi námsþátta:


Verkefni 20%. Skýrsla 20%. Lokapróf 40%. Ástundun 20%.

### Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils